

05-110 2016020216

Akureyrarbær, kt. 410169-6229 og Myndlistaskólinn á Akureyri ehf.

kt. 521201-2310, gera með sér svofelldan

SAMNING

Um framlög til reksturs Myndlistaskólans á Akureyri skólaárin 2016-2017, 2017-2018 og 2018-2019.

Markmið samningsins af hálfu Akureyrarbæjar er að leitast við að tryggja starfsemi sérnámsdeilda Myndlistaskólans í bæjarfélaginu til loka skólaárs 2019. Náist samkomulag við ríkið um aukinn fjárhagslegan stuðning eða önnur breyting verður á starfsemi skólans, verður þessi samningur strax endurskoðaður í því ljósi.

Á samningstímanum ber Akureyrarbær á engan hátt ábyrgð á framhaldi náms þeirra nemenda sem stunda nám í skólanum á samningstímabilinu. Myndlistaskólinn á Akureyri ehf. ber alla faglega ábyrgð á námi því sem tilgreint er í þessum samningi.

Aðilar skulu vorið 2017 taka sérstaklega upp viðræður um framtíðarrekstur Myndlistaskólans.

1. gr.

Akureyrarbær greiðir kr. 17.000.000 á ári til reksturs Myndlistaskólans á Akureyri árin 2016, 2017, 2018 og kr. 8.500.000 árið 2019. Í samræmi við samning aðila dags. 22.2.2016 hafa þegar verið greiddar kr. 8.000.000 á árinu 2016 af þeim 17.000.000 sem Akureyrarbær greiðir Myndlistaskólanum á árinu 2016.

2. gr.

Útborgun á framlögum Akureyrarbæjar til Myndlistaskólans á Akureyri ehf. verður sem hér segir:

Á árinu 2016 verði 2 greiðslur, 25. september og 25. október, kr. 4.500.000 í hvort skipti.

Á árinu 2017 verði 10 jafnar greiðslur, 25. hvers mánaðar fram til 25. október, kr. 1.700.000 í hvert skipti.

Á árinu 2018 verði 10 jafnar greiðslur, 25. hvers mánaðar fram til 25. október, kr. 1.700.000 í hvert skipti.

Á árinu 2019 verði 6 jafnar greiðslur, 25. hvers mánaðar fram til 25. júní, kr. 1.417.000 í hvert skipti.

Greiðslur samkvæmt ofanrituðu eru þó háðar samþykktri fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar.

Ekki verða frekari fjárveitingar frá Akureyrarbæ til Myndlistaskólans á Akureyri ehf. á samningstímabilinu. Akureyrarbær hefur stutt dyggilega við rekstur Myndlistaskólans frá stofnun hans árið 1974. Akureyrarbær mun ekki leggja fram meiri fjármuni til reksturs sérnámsdeilda skólans að loknu þessu samningstímabili. Nám á framhaldsstigi er á forræði ríkisins og telur Akureyrarbær mikilvægt að unnið sé að því á samningstímanum að ríkisvaldið taki alfarið yfir stuðning við skólann.



3. gr.

Til að tryggja sem best rekstur skólans skal m.a. taka mið af eftirfarandi:

- Í bókhaldi skólans sé rekstur hvers þáttar í starfsemi skólans áfram aðskilinn, þ.e.a.s. rekstur, námskeiðahalds, fornáms, sérdeilda og annarra verkþátta. Myndlistaskólinn ehf. skuldbindur sig til þess að veita Akureyrarbæ aðgang að öllum upplýsingum er varða rekstur og fjárreiður skólans. Enn fremur ábyrgist hann að senda opinberum aðilum upplýsingar í samræmi við lög og samninga. Skólinn skili starfsskýrslu og ársreikningi, endurskoðuðum af löggiltum endurskoðanda, til fjármálastjóra Akureyrarbæjar eigi síðar en 1. júní ár hvert.
- Akureyrarbær tekur enga ábyrgð á skuldbindingum skólans, umfram það sem fram kemur í þessum samningi varðandi árlegar styrkveitingar til starfrækslu sérnámsdeildanna.

4. gr.

Verði starfsemi sérnámsdeildanna breytt eða þær lagðar niður á samningstímanum, falla greiðslur samkvæmt samningi þessum niður, nema samið hafi verið sérstaklega um annað.

Komi upp ágreiningur um framkvæmd samnings þessa getur hvor aðili um sig vísað honum til þriggja manna gerðardóms. Skal hvor aðili um sig tilnefna einn fulltrúa en Héraðsdómur Norðurlands eystra tilnefnir formann gerðardómsins. Kostnaður við störf gerðardómsins skiptist jafnt á milli samningsaðila og skal niðurstaða dómsins vera bindandi fyrir báða aðila.

Vanefni Myndlistaskólinn ehf. samningsskyldur sínar samkvæmt samningi þessum getur Akureyrarbær rift samningnum. Hann skal þó áður hafa gert Myndlistaskólanum viðvart og gefið honum hæfilegan frest til úrbóta.


Myndlistaskólinn á Akureyri ehf. ber alla ábyrgð á rekstri og skuldbindingum skólans.

Myndlistaskólinn á Akureyri er skuldbundinn samkvæmt samningi þessum til að taka þátt í samstarfi við aðrar menningarstofnanir á Akureyri án fjárhagslegrar skuldbindingar.

Af samningnum eru gerð tvö eintök og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki.


Akureyri, 1. september 2016


Með fyrirvara um samþykki bæjarráðs.


Helgi Vilberg
skólastjóri Myndlistaskólans á Akureyri ehf.


Eiríkur Björn Björgvinsson
bæjarstjóri

Vottar:


2108642969


Dagni Harðardóttir
080661-2829